


Kennsluáætlun

GAGNRÝNIN NETNOTKUN



NEMENDAHÓPUR:
12-16 ára

TÍMALENGD:
40 mín - 1 klst.



INNGANGUR

Það er mjög mikilvægt að þeir sem nota netið til upplýsingaöflunar og í leik og starfi geri sér grein fyrir því að þær upplýsingar og þær síður sem á netinu finnast eru ekki allar jafn áreiðanlegar. Með því að hafa nokkur einföld atriði í huga er hægt að greina með skjótum hætti hvaða vefsíðum óhætt er að treysta. Einnig er mikilvægt að gera sér grein fyrir því að það skiptir máli hvernig á að nota upplýsingar sem maður finnur á vefsíðum og hverjum er hægt að treysta fyrir upplýsingum um sjálfan sig.

MARKMIÐ

Markmið þeirra verkefna sem hér fara á eftir eru fyrst og fremst að auka færni nemenda í að greina áreiðanleika upplýsinga sem finnast á netinu og þjálfa þá í réttri notkun þeirra.

HVAR OG HVERNIG?

Þau verkefni sem hér fara á eftir eiga vel við áður en farið er í verkefnavinnu s.s. ritgerðasmíð, glærुकynningar o.fl. þar sem upplýsingar sem koma fram eru byggðar m.a. á heimildum af netinu. Það gætu því allir kennarar sem eru að kenna um meðferð heimilda og áreiðanleika upplýsinga að geta notað þau með nemendum sínum.

FYRIR KENRARANN

Innlögn og umræður

Áður en nemendur fara sjálfir að leysa verkefni eru gott að byrja á umræðum þar sem kennarinn varpar ákveðnum spurningum fram til að kalla fram ákveðin svör úr hópnum og jafnvel einhver ný sjónarhorn og viðhorf.

1. Hver getur sett efni á netið?

Allir geta það! Það er auðvitað frábært því nú er nánast hægt að finna upplýsingar um hvað sem er. Það er samt mikilvægt að fara varlega því allir geta gert mistök og sumir jafnvel taka upp á því að segja ósatt.

2. Hvernig getum við séð hvað er satt á netinu?

- Tékkið á því hver á vefsíðuna og kostar hana. Hefur sá aðili gott orðspor?
- Er tekið fram hver er höfundur efnisins. Eru einhverjar upplýsingar um höfundinn aðgengilegar á síðunni t.d. menntun og starf.
- Berðu saman upplýsingarnar sem þú finnur á síðunni við aðrar upplýsingar sem þú hefur um efnið t.d. úr bókum eða blöðum.
- Athugaðu hvort það séu einhverjar dagsetningar á vefsíðunni. Er þetta ný síða eða gömul?

3. Eru auglýsingar á netinu?

Já, það er mikið af auglýsingum á netinu svipað og í sjónvarpi og útvarpi. Þær geta birst hvar sem er á vefnum. Í fyrirfram skilgreindum auglýsingahófum á vefsíðum og í gluggum sem poppa upp fyrirvaralaust. En svo eru einni síður sem innihalda áróður eða auglýsingar dulbúnar sem hefðbundnar upplýsingasíður.

4. Er í lagi að afrita efni af netinu?

Ef þú vilt taka eitthvað beint af einhverri vefsíðu og nota það í verkefni eða á þína eigin síðu er tvennt sem er gott að venja sig á:

- Að fá leyfi frá höfundi efnisins til að nota það.
- Að segja alltaf frá hvaðan þú afritaðir upplýsingarnar og hver höfundurinn er.

5. Hvers vegna biðja sumar vefsíður um upplýsingar um mig?

Það geta verið margar ástæður fyrir því að eigendur vefsíðu vilji vita eitthvað þann sem vafrar um hana t.d. hvaða auglýsingar eiga þeir að birta viðkomandi. Sumir vefir selja upplýsingarnar til annarra sem nota þær til að senda tölvupóst um ýmsa hluti. Það kallast ruslpóstur.

6. Hvernig get ég áttað mig á því hvað vefsíða gerir við þær persónuupplýsingar sem ég set á hana?

Góðar vefsíður eru með reglur sem kallast meðferð persónuupplýsinga. Þessar reglur segja til um hvernig farið er með upplýsingar sem síðunni eru gefnar. Megin reglan fyrir börn er skilja ekki eftir persónuupplýsingar án leyfis foreldra.

Fengið af www.saft.is

Í framhaldinu - Vinnulag í skólum

Á vefnum er til ógrynni upplýsinga um nánast allt sem manni mögulega dettur í hug. Þar sem hver sem er getur í raun sett efni á netið er augljóst að það efni sem þar er að finna er misáreiðanlegt og misvel unnið. Markmið þeirra vefja sem settir eru á netið geta einnig verið mjög misjöfn og sum þeirra vafasamari enn önnur.

Það er því mjög mikilvægt að skólinn sem heild sé meðvitaður um hvernig fara á með heimildir sem teknar eru af netinu, hvernig vísa á til þeirra, hvernig greina ber áreiðanleika þeirra og fylgi þeim reglum sem hann setur sér.



VERKEFNI 1

GERÐ GÁTLISTA FYRIR MAT Á HEIMILDUM

3-4 nemendur vinna saman í hópi við gerð gátlista yfir þau atriði sem þarf að hafa í huga þegar áreiðanleiki vefsíðu er kannaður.

Með því að láta nemendur í smærri hópum gera sinn eigin gátlista er ýtt undir skapandi umræður og gagnrýnni nálgun á viðfangsefninu. Atriðin á listanum verða skiljanlegri þeim sem notar hann og festast betur í minni.

Gott er að hafa spurningarnar úr umræðuhlutanum til hliðsjónar, fjölritaðar eða á töflu auk þess sem kennarinn fer yfir verkefni og varpar þankakornum inn í hópa ef mikilvæg atriði eru að gleymast og umræður eru komnar í þrot.

Sjá í ítarefni:

Dæmi um gátlista



VERKEFNI 2

MAT Á VEFSÍÐUM

Nemendur velja sér þrjár vefsíður og meta áreiðanleika þeirra með þeim gátlista sem þeir gerðu í verkefni 1.



VERKEFNI 3

RITUN

Kennari velur ritgerðarefni/viðfangsefni. Gott er að verkefnið sé ekki of viðamikilt þar sem markmiðið er að þjálfa nemendur í greiningu og notkun netheimilda. Verkefnið er unnið upp úr heimildum sem fengnar eru af netinu og kröfur gerða að vísað sé til heimilda á viðeigandi hátt og að heimildirnar standist áreiðanlekamat. Það má gjarnan láta nemendur skila gátlistum þar sem heimildirnar eru metnar sem fylgiskjölum með ritgerð.



ÍTAREFNI - DÆMI UM GÁTLISTA

Gátlistar sem ætlaðir eru nemendum til notkunnar við mat á heimildum geta verið misjafnir og það þarf að taka tillit til aldurs og þroska þeirra sem eiga að nota þá og þeirra markmiða sem sett eru í verkefnunum sem leysa á. Hér á eftir getur að líta hugmyndir af atriðum sem vel geta átt heima á gátlista.

Áreiðanleiki heimilda

	Kemur fram	Kemur ekki fram
Hver á/kostar vefsíðuna?	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Hver er höfundur efnisins?	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Nánari upplýsingar um höfund, menntun og starf	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Hvenær voru upplýsingarnar settar á vefinn?	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

Um öryggi við notkun á vef

Hver á/kostar síðuna?	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Hver er höfundur efnisins á síðunni?	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Hvenær var síðan gerð?	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Eru skilmálar um meðferð persónuupplýsinga fyrir hendi á síðunni?	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Eru sett skilyrði fyrir notkun síðunnar s.s. skráning persónuupplýsinga?	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>



ÍTAREFNI – SPURNINGAR FYRIR UMRÆÐUR Í HÓP OG TIL UMHUGSUNAR VIÐ GERÐ GÁTLISTA

1. Hver getur sett efni á netið?
2. Hvernig getum við séð hvað er satt á netinu?
3. Eru auglýsingar á netinu?
4. Er í lagi að afrita efni af netinu?
5. Hvers vegna biðja sumar vefsíður um upplýsingar um mig?
6. Hvernig get ég áttað mig á því hvað vefsíða gerir við þær persónuupplýsingar sem ég gef henni?

